



Umboðsmaður Alþingis  
OPCAT eftirlit  
Þórshamri, Templarasundi 5  
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. janúar 2025

### EFNI : Viðbrögð vegna OPCAT skýrslu

Vísað er til OPCAT skýrslu Umboðsmanns Alþingis dags. 27. júní 2024. Í skýrslunni er óskað eftir upplýsingum um viðbrögð sveitarfélaga sem nýta vistunarúrræði Klettabæjar, þ.m.t. Reykjavíkurborgar, og n.t.t. að upplýst verði hvort tilmælin og ábendingarnar í skýrslunni hafi leitt af sér aðgerðir eða athafnir og þá hverra, sem og um aðrar aðgerðir sem talin er ástæða til að ráðast í af þessu tilefni.

Allt frá því að skýrsla umboðsmanns kom út hafa undirritaðar farið fyrir starfshópi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar þar sem unnið hefur verið að viðbrögðum við skýrslunni.

Í ágúst og september 2024 vann starfshópurinn greiningu á þeim tilmælum og ábendingum sem beint er til sveitarfélaga en starfshópurinn vann útfrá þeirri forsendu að allar ábendingar ættu við um velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Afrakstur þeirrar vinnu var tímasett aðgerðaráætlun þar sem dregin eru saman helstu viðbrögð og aðgerðir og jafnframt var ákveðið hver væri ábyrgðaraðili fyrir hverju skrefi. Aðgerðaráætlunin fylgir hjálagt og hefur áætlunin gengið eftir að nær öllu leyti. Markmið hennar og tímasetningar voru uppfærð í desember sl. og á sama tíma var aðgerðaráætlunin kynnt velferðarráði Reykjavíkur, sbr. hjálögð skjöl.

Nú þegar hefur verið komið á fót samráðsvettvangi milli skrifstofu ráðgjafabjónustu velferðarsviðs, skrifstofu málefna fatlaðs fólks á velferðferðarsviði og Barnaverndar Reykjavíkur þar sem nýjar vistanir í Klettabæ eru ræddar og tekin ákvörðun þar um. Er þar sérstök áhersla lögð á að skoða sé til hlítar hvort einhver önnur úrræði velferðarsviðs og/eða barnaverndarkerfisins séu til taks og geti mögulega hentað betur og komið í stað vistunar í Klettabæ. Sé svo ekki eru ákvarðanir teknar um vistun og þær færðar til bókar í fundargerð. Jafnframt er lagt mat á það hvort þörf sé á að senda erindi til sérfræðingateymis mennta- og

barnamálaráðuneytis skv. lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Frá stofnun samráðsvettvangsins haustið 2024 hafa verið haldnir tveir fundir.

Sett var í forgang að endurskoða alla skjalagerð sem liggur til grundvallar vistunar barna og ungmenna í Klettabæ. Fram hefur farið nú þegar endurskoðun *skilmálasamnings* við Klettabæ, *kröfulýsingar* Reykjavíkurborgar um þjónustu og reksturs heimilis fyrir börn/ungmenni á vegum Klettabæjar, *þjónustusamninga* sem liggja til grundvallar hverri og einni vistun og *stuðningsáætlunar*. Vinnan er á lokastigum og hafa flest skjöl litið dagsins ljós, en eru þegar bréf þetta er ritað í samráðsfarvegi með fyrirsvarsmönnum Klettabæjar. Sjálfsagt er að útvega umboðsmanni afrit af skjölunum sé þess óskað.

Ákveðið var að skilmálasamningarnir, form þjónustusamninga og stuðningsáætlanir verði tvenns konar, þ.e. annars vegar fyrir vistanir á vegum Barnaverndar Reykjavíkur og hins vegar fyrir vistanir á vegum skrifstofu ráðgjafaþjónustu og skrifstofu málefna fatlaðra á velferðarsviði Reykjavíkurborgar, m.a. í þeim tilgangi að ekki fari milli mála á grundvelli hvaða laga vistun fari fram. Kröfulýsing er áfram sameiginleg en hefur verið uppfærð að teknu tilliti til alls framangreinds. Meðal atriða sem einnig var sérstaklega hugað að við skjalagerðina er að viðeigandi skjöl hafi að geyma mælanleg markmið, að áætluð tímalengd vistunar komi skýrlega fram, að réttur til tiltekinnar þjónustu komi fram og (ef við á) að fram komi hvort barn njóti samþættingar og farsældarþjónustu samkvæmt lögum þar um.

Að lokinni skjalagerð er áætlað að kanna nánar og kortleggja ákvarðanir sem eru stjórnvaldsákvarðanir og ákvarðanir sem fela í sér nauðung og þvingun. Sú vinna helst í hendur við vinnu sem þegar er yfirstandandi um að útbúa fræðsluvettvang fyrir starfsfólk velferðarsviðs sem fer með meðferð þeirra mála þar sem vista þarf börn/ungmenni utan heimilis. Ráðgert er að fræðslan hefjist í febrúar. Unnið er að því að koma fræðsluefnin inn á Torgið (fræðsluvefur Reykjavíkurborgar) og í kjölfarið verður fræðslufundur með starfsfólki. Í fræðslunni verður farið yfir samninga, gátlista og fl. sem starfshópurinn hefur unnið að. Jafnframt er yfirstandandi vinna við að útbúa leiðbeiningar eða gátlista um skyldur fagaðila við börn í vistun og stuðning við þau og fer sú vinna m.a. fram í samstarfi við fyrirsvarsmenn Klettabæjar og við Barna- og fjölskyldustofu.

Einnig hefur verið leitað samstarfs við Klettabæ og Barna- og fjölskyldustofu um að útbúa kynningarefni og bæklinga til afhendingar til barna/ungmenna og fjölskyldna þeirra um allt framangreint og er áætlað að drög liggi fyrir nú í janúarmánuði. Sérstök áhersla verður lögð á að kynningarefnið hafi að geyma leiðbeiningar um réttindi barna og ungmenna í vistun, réttinn til kvörtunar ásamt upplýsingum um ferli kvartana, auk upplýsinga um rétt til að koma á

framfæri ábendingum eða upplýsingum sem máli geta skipt fyrir þann einstakling sem er vistaður.

Jafnframt skal tekið fram að nú þegar er hafið nánara og reglubundnara samráð við fyrirsvarsmenn Klettabæjar um vistanir á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar hjá þeim. Fundað var í nokkur skipti á haustönn varðandi niðurstöðu OPCAT skýrslu umboðsmanns, varðandi skjalagerð og einnig varðandi fjárhagsleg málefni. Fyrirhugað er að frá og með árinu 2025 verði fundað meðal yfirstjórnenda tvisvar til fjórum sinnum á ári þar sem farið verði ítarlega yfir hverja vistun fyrir sig og sérstök áhersla lögð á markmiðstengt árangursmat vistana. Auk þess er fyrirhugað að fyrir hvern slíkan fund verði tekin sérstök viðtöl við börnin og ungmennin í vistun og þeirra sjónarmið, líðan og óskir liggi þannig fyrir þegar fundað er meðal yfirstjórnenda.

Að öðru leyti en að framan greinir er vísað til hjálagðrar aðgerðaráætlunar um viðbrögð við tilmælum og ábendingum í skýrslu umboðsmanns. Undirritaðar vilja taka fram að velferðarsvið Reykjavíkurborgar leggur mikinn metnað í að koma til móts við allt það sem skýrslan fjallar um og með vísan til alls framangreinds staðfestist að sú vinna er í fullum gangi. Nokkur atríði tittnefndrar aðgerðaráætlunar hafa tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir en vonir standa til að öllum þáttum áætlunarinnar verði lokið um miðja vorönn 2025. Sjálfsagt er að staðfesta það með bréfi til umboðsmanns þegar þar að kemur sé þess óskað.

fyrir hönd velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Pyrí Steingrímsdóttir

skrifstofustjóri

Barnaverndar Reykjavíkur

Kristjana Gunnarsdóttir

skrifstofustjóri

skrifstofu ráðgjafaþjónustu velferðarsviðs

## Hjálagt

1. aðgerðaráætlun
2. fundargerð Velferðarráðs og meðfylgjandi skjöl